



# Skólaráð Álfanessskóla 2022-2023

Fyrsti fundur skólaráðs þann 4. október 2022.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2022-2023. (Mættir fulltrúar eru feitleitraðir).

**Anna María Skúladóttir skólastjóri, Anna María Karlsdóttir fulltrúi foreldra, Ingólfur Vignir Ævarsson fulltrúi foreldra, Hildur Karlsdóttir fulltrúi kennara, Ragnheiður Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Eva Dögg Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Guðbjörn Harðarson fulltrúi annars starfsfólks, Emilía Ósk Hauksdóttir fulltrúi nemenda, Íris Eva Óskarsdóttir fulltrúi nemenda og Drífa Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri áheyrnarfulltrúi, Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir varafulltrúi kennara (sat ekki allan fundinn).**

## 1. Skóladagatal Álfanessskóla 2022-2023.

Farið yfir skóladagatalið fyrir skólaárið og bent á helstu viðburði sem eru á dagskránni. Lesið í nesið tókst mjög vel og forvarnavikan byrjar á morgun. Kærleikar, jólaskemmtun, námsviðtöl, 5 skipulagsdagar, vorleikar. Óskað eftir að færa skólaslitaradaginn til 6. júní, vorleikar að morgni og skólaslit eftir hádegi. Starfsfólk er að skipuleggja námsferð í vor. Skólaráð samþykkir breytinguna sem verður lögð fyrir Skólanefnd Gbr. til samþykktar 5. október.

## 2. Skólastarf og starfsáætlun.

Farið yfir það helsta í starfsáætlun. Nemendum hefur fækkað, m.a. vegna þess að stór árgangur útskrifaðist úr 10. bekk og lítil 1. bekkur byrjaði. Nokkrir nemendur sækja skóla í öðrum hverfum og bæjarfélögum. Nýjir starfsmenn, frístund fer vel af stað og búið að ráða í allar stöður. Álfanessskóli er áfram með Skólamat eftir útboð.

## 3. Viðhald og endurbætur.

- 40 ný borð og stólar keypt í haust, bónað og málað.
- Skólalóð: Framkvæmdir við skólalóð, farið yfir skipulag og mynd. Áfangi 1 er í framkvæmd núna. Beðið verður með tartan á körfuboltavöll þar til lóðin í kring verður tilbúin. Framkvæmd hefur tekið lengri tíma þar sem lagnir eru m.a. mjög grunnt í jörðu og það hægir á allri vinnu. Áfangar 2 og 3 verða framkvæmdir í framhaldi, umræður um hvort það væri möguleiki að vinna áfanga 2 og 3 saman og hvenær það yrði gert. Umræður um hversu sleipt tartanið er í hálku og rigningu og hvort eitthvað annað efni væri í boði.
- Vegurinn á milli íþróttavallarins og skólans, vegurinn er notaður fyrir verkataka, bílinn frá Skólamat o.fl. Óparfa umferð á kvöldin og oft hröð umferð, væri hægt að loka honum t.d. með hliði, skólastjórn athugar í samráði við húsvörð



## Skólaráð Álfтанesskóla 2022-2023

### 4. Önnur mál.

- Fundartímar í vetur miðvikudagar kl. 8:15-9:15
- Opið skólaþing, samtal á milli foreldra, nemenda og starfsfólks. Samstarf skólans og foreldrafélagsins. Hefð fyrir skólaþingi fyrir Covid en þá voru oftast bara nemendur. Umræður um hvernig best væri að útfæra, formaður foreldrafélagsins og skólastjóri eru í samstarfi með útfærslu og félagsmálaval tekur þátt í skipulagningu.
- Áherslur í skólastarfi, þróunarverkefnið valfrelsi byrjaði í haust á yngsta og miðstig. Nemendur velja sér eftir áhugasviði, verið að auka val nemenda og stuðla að lýðræðislegri þátttöku.
- 9. bekkur ekki kennd myndmennt í stundatöflu, bara í vali. Bagalegt að hún falli niður og umræður um hvort stærðfræði væri látin falla niður. Hallar oft á list- og verkgreinar, umræður um hvort skólar uppfylli viðmiðunarstundaskrá í list- og verkgreinum.

Fundi slitið kl. 9:10

Ritari: Drífa Sigurjónsdóttir